



Viðauki 5. Tillögur faghóps 4: Vinnsla, gæða- og markaðsmál

Unnið af faghópi 4: Vinnsla, gæða- og markaðsmál innan Fiskeldishóps AVS. Í faghópnum eru; Kristján G. Jóakimsson, Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf., Árni Ólafsson, Menju hf. og Birgir Össurason, Samherja hf.

Aðrir þátttakendur: Ágúst Torfi Hauksson Brim hf., Guðbergur Rúnarsson, Landsamband fiskeldistöðva, Heiða Pálmadóttir, Matís ohf., Jón Atli Magnússon, Matís ohf., Sigurjón Arason, Matís ohf., Sigurður Bogason, Marmark ehf., Sólveig Jóhannesdóttir, HB Grandi hf., Þórarinn Ólafsson, Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf.

1. Inngangur

Faghópurinn hefur starfað allt frá árinu 2003 og einnig hefur setið í honum, Kristján Hjaltason. Í desember 2003 lagði hópurinn fram tillögur um mikilvæg rannsókna- og þróunarverkefni sem voru síðan endurskoðuð og gefnar út í janúar 2005. Hópurinn hefur haft fund einu sinni ári þar sem farið hefur verið yfir stöðuna og reynt að vinna að framgangi einstakra verkefna.

Hér að neðan eru talin upp þau verkefni sem hópurinn leggur til að ráðist verði í til að afla þeirrar þekkingar sem mikilvæg er fyrir þróun þorskeldis á næstu árum. Hér er efnislega um sömu verkefni og mælt var með í janúar 2005, aðeins hefur verið breytt orðalagi.

2. Tillögur faghóps

Gæðamál og vinnsla

Hér eru ekki skilgreind einstök verkefni en lagt til að hver umsókn verði metin út frá hugsanlegum ávinningi fyrir íslenskt þorskeldi. Mælt er með eftirfarandi leiðum við framkvæmd og fjármögnun verkefna:

- **Rannsóknaverkefni í samstarfi við erlenda vísindamenn**

Öll verkefni innan gæða- og vinnslumála sem geta nýst íslensku þorskeldi verði unnin að öllu jöfnu í samstarfi við erlenda vísindamenn með fjármögnun úr erlendum og innlendum vísinda- og rannsókna-sjóðum.

- **Rannsókn- og þróunarverkefni styrkt með úthlutun þorskeldiskvóta**

Verkefni innan gæða- og vinnslumála verði styrkt með úthlutun á þorskeldiskvóta. Fyrirtækin framkvæma þá rannsókna- og þróunarverkefni sem þau telja þörf á að séu gerð og fyrir það fái þau eftirá úthlutað kvóta eftir því hvernig niðurstöður nýtast

íslensku þorskeldi.

Staða: Frá árinu 2003 hafa verið unnin tvö rannsóknaverkefni „Framtíðarþorskur“ styrkt af Rannsóknamiðstöð Íslands“ og „Vinnsla og gæðastýring á eldisþorski“ styrkt af AVS sjóðnum. Einnig hafa fyrirtæki sem úthlutað hefur verið þorskeldiskvóta unnið að þróunarverkefnum innan slátrunar og vinnslu á áframeldisþorski á undanförunum árum.

Markaðsmál og arðsemi

- **Tilhögun markaðssetningar**

Hópurinn styður sameiginlega uppbyggingu á ímynd Íslands og íslenskra sjávarafurða með það að markmiði að skapa afurðum sérstöðu á markaði. Hópurinn telur til lengri tíma litið sé aðgreining á milli eldis- og villtra dýra nauðsynleg við markaðssetningu og því nauðsynlegt að skapa eldisafurðum jákvæða ímynd á markaði.

Staða: Ekkert hefur verið unnið í þessu verkefni.

- **Stærð markaðar og verðþróun**

Hópurinn leggur til að rannsökuð verði áhrif umtalsverðs framboðs eldisþorsks á verðþróun villts þorsks í framtíðinni. Skoða þarf líklega verðþróun einstakra afurðaflokka. Í hvaða afurðaflokkum og markaðssvæðum er líklegt að eldisþorskur muni hafa áhrif? Með verðþróun er átt við almennar breytingar á verði en ekki nákvæma spá um krónutöluverð í framtíðinni.

Staða: Faghópurinn hefur hvatt vísindamenn til að vinna að þessu verkefni en fram að þessu hefur það ekki skilað árangri.

- **Samkeppnishæfni þorskeldis við aðrar hvít-fiskeldistegundir**

Afurðir úr eldisþorski eru í samkeppni við aðrar hvít-fiskeldistegundir. Meta þarf hvort og þá hvernig þorskeldi á Íslandi getur keppt við þessar eldistegundir í framtíðinni. Hvernig verður hægt að keppa við eldi á öðrum hvítfiski sem t.d. að mestu nærast á jurtafóðri og eru aldar í ódýru eldisrými? Skoða þarf kostnaðargreiningu hjá þeim eldistegundum sem líklegastar eru til að veita eldi á þorski verðuga samkeppni. Bera saman einstaka kostnaðarliði og leggja mat á hvers er að vænta í samkeppni frá þessum hvít-fiskeldistegundum.

Staða: Faghópurinn hefur hvatt vísindamenn til að vinna að þessu verkefni en fram að þessu hefur það ekki skilað árangri.



HVITA HÚSBÍÐ / SÍÐA - 07-1833



SVEIGJANLEIKI SKILAR ÁRANGRI

Í viðskiptum, jafnt sem fjármálaþjónustu, skiptir höfuðmáli að geta lagað sig hratt og markvisst að nýjum aðstæðum á markaði. Fyrirtækaþjónusta Glitnis hefur þekkinguna og sveigjanleikann til að mæta kröfum markaðarins.

Glitnir er leiðandi aðili í fjármálaþjónustu við alþjóðlegan sjávarútveg. Lykillinn að sérstöðu hans er sú ítarlega þekking og reynsla sem býr í starfsfólki hans, hvort sem er á Íslandi eða á alþjóðavísu.

GLITNIR ER STYRKJARADILI ÞORSKELDISRÁÐSTEFNUNNAR.

GLITNIR

Þú færð nánari upplýsingar um Fyrirtækaþjónustu Glitnis í síma 440 4000 eða á www.glitnir.is